

Sólveig Ólafsdóttir

KRFÍ 100 ára.

Góðir afmælisgestir, til hamingju með fyrstu 100 ár Kvenréttindafélags Íslands.

Ég ætla mér ekki þá dul að lýsa á 10 mínútum öllum þeim verkefnum, sem KRFÍ sinnti á 8. áratugnum – ef ég segi síðustu aldar líka, þá finnst mér eins og ég sé sjálf orðin 100 ára en ekki bara félagið! Um söguna og verkefnin má lesa í hinni glæsilegu bók *Veröld sem ég vil*, og ég er viss um að flestir hér inni eiga þá bók og hafa gluggað í hana. Þess í stað ætla ég að deila með ykkur nokkrum minningum, sem fóru í gegnum huga minn, þegar ég var beðin að ryfja upp formennsku mína í félaginu.

Hvernig verður maður jafnréttissinni?

Það er einhver neisti í blóðinu – í genunum. Maður þarf að fá heilbrigt og gott uppeldi með áherslu á réttlætisgildin í lífinu. Og svo verður eitthvað til þess að neistinn er allt í einu tendraður! Til dæmis ef verkalýðsfélagið tekur af manni félagsgjald þegar maður er bara 12 ára í síld – þá sest maður upp á skrifstofu þess þangað til búið er að endurgreiða það. Og ef maður er að vinna sem flugfreyja í sumarstarfi, sækir um fast starf, en fær svarið: Nei, við viljum ekki ráða konur á föstu og það sást til þín í bænum um daginn, leiðandi ákveðinn mann! Eða, maður óskar eftir launahækkun á grundvelli réttlætissjónarmiða en fær svarið: Við hér í fjármálaráðuneytinu getum nú ekki alltaf haft réttlætið að leiðarljósi! Svona tilvik eru klárlega til þess fallin að kveikja í neistanum. Og eldurinn slokknar aldrei.

Nú í vor verða liðin 35 ár frá því að ég gekk í Kvenréttindafélagið. (Ef ég man ekki þann árafjölda, þá man ég heldur ekki hve gamall sonur minn er)! Það var nefnilega þannig, að einn góðan veðurdag í júní 1972 boðaði Valborg Bentsdóttir komu sína í heimsókn, en ég var þá í barneignarfríu eins og fæðingarorlof var kallað. Hún gekk alltaf beint til verks hún Valborg heitin og nánast skipaði mér að ganga í Kvenréttindafélagið. Það væri skylda mín að vinna að þeim málum, sem hún hafði heyrt mig ræða um á vettvangi BSRB skömmu áður og það væri langbest að gera á vettvangi KRFÍ. Ég hlýddi auðvitað – og var síðan kosin varamaður Valborgar í stjórn á landsfundi KRFÍ síðar í sama mánuði. Og þá varð ekki aftur snúið.

Mér eru minnisstæð þau viðbrögð, sem ég fékk. Ég var gjarna spurð hvað ég væri eiginlega að hugsa með því að ganga í svona „kerlingafélag“, af hverju ekki í Rauðsokkahreyfinguna

úr því að ég væri svona skrytín? Ástæðan var einfaldlega sú, að mér fannst Kvenréttindafélagið áhugaverðara félag, með fullri virðingu. En þetta var nú samt erfitt fyrst í stað. Ég var ung og óreynd í jafnréttismálum og stundum fannst mér svolítið óþolandi hvað sumar konurnar voru óskaplega íhaldssamar um margt. Hins vegar voru fyrstu árin mín í KRFÍ afskaplega lærdómsrík og kenndu mér ýmislegt um samningatækni og sáttastörf. Það þurfti oft að ræða málin af þolinmæði og hæfilegri þrjúsku til þess að ná niðurstöðu í þverpólitísku starfi. Stundum þurfti að bíta á jaxlinn og bölvva í hljóði eða bara stinga nöglunum í lófana til að stilla sig.

Og hver eru svo minnisstæðustu málin, sem fjallað var um á þessum árum?

Fyrst nefni ég löginn með langa nafninu – um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjúsemisaðgerðir, sem sett voru árið 1975. Tvö árin þar á undan áttu sér stað miklar og harðar umræður um 2 frumvörp til þessara laga (1973 og 1974), en þær snerust aðallega um það, hvort konur ættu sjálfar að hafa síðasta orðið um fóstureyðingu. Fundir voru haldnir víða og um málið var hart deilt í fjölmiðlum. Það voru vissulega skiptar skoðanir innan KRFÍ um málið, en meirihluti stjórnar var þeirrar skoðunar, að málið snerist fyrst og fremst um sjálfsákvörðunarrétt kvenna og sendi Alþingi umsögn í samræmi við það. Hinar hörðu deilur um málið birtust með ýmsum hætti og sem dæmi um hana má nefna, að eftir að löginn voru samþykkt (með svolitlum málamiðlunum um fullt frelsi til ákvörðunar), þá spurði einn virðulegur maður mig hvort við værum nú ekki stoltir morðingjar! En löginn hafa staðið fyrir sínu og eru enn í gildi.

Næsta minnisstæða málið er Kvennafrídagurinn 24. október 1975. Nafnið á honum er líka dæmi um málamiðlanir, sem stundum varð að finna – eðlilegast hefði verið að kalla atburðinn kvennaverksfall, sem það var í raun. Ég veit ekki hvort hægt er að lýsa þessum degi með orðum. Margir hér inni hafa örugglega heyrt 130 sögur hver um atvik, sem áttu sér stað þann dag. Það var hreinlega ólýsanleg upplifun að sjá samstöðuna meðal kvenna í samfélaginu, sjá hinn mikla fjölda á Lækjartorgi og finna rafmagnað andrúmsloftið þar. Það er skoðun mín, að Kvennafrídagurinn hafi verið sá atburður á 8. áratugnum, sem hafði víðtækust áhrif á hugsunarhátt og viðhorf kvenna til jafnréttisumræðu. Ég fann sjálf greinilega hve miklu auðveldara var að brydda upp á umræðum um þau mál eftir þetta. Síðar varð kosning frú Vigdísar Finnbogadóttur til embættis forseta Íslands 1980 enn til að auðvelda og auka umræðurnar.

Enn eitt mál verð ég að nefna, en það eru skattamálin. Ég verð næstum því þreytt við tilhugsunina um alla þá vinnu, sem KRFÍ lagði í það mál. Skattamál karla og kvenna höfðu verið á dagskrá félagsins um árabil og mikið reynt til að fá undarlegum reglum um þau breytt. En þegar lagt var fram frumvarp til nýrra skattalaga árið 1976, átti endanlega að spyrða hjón saman í fjárhagslegu tilliti og lögfesta helmingaskiptareglu og samsköttun í eitt skipti fyrir öll. KRFÍ brást hið versta við. Félagið sendi ítarlegar umsagnir um málið, hélt fundi sjálf, stjórnarkonur fóru á fundi út um borg og bí – boðnar eða óboðnar eftir atvikum – enda hvíslaði einn ágætur ráðherra að mér á einum slíkum fundi: „Þið ofsækið mig, Sólveig“. Er skemmst frá því að segja, að við drápum þetta frumvarp. Sjötíu ára afmælisfundur félagsins 1977 fjallaði um þetta mál, og til marks um áhugann, þá var fullt út úr dyrum í stóra sal Hótel Loftleiða. Og félagið fékk blómakörfu frá ASÍ í tilefni afmælisins, en utaná umslaginu stóð: Kvenréttingafélag Íslands. Skemmtilegt!

Eitt lífseigasta baráttumál KRFÍ alveg frá upphafi og enn í dag er aukin stjórnmalapátttaka kvenna. Skilningsleysi á mikilvægi þessa máls hefur lengi verið með ólíkindum. Það eru t.d. ekki nema nokkrir dagar síðan ég heyrði formann í stjórnmalaflokki segja, að hann skildi nú eiginlega ekki allt þetta tal um karla og konur í forystu – eins og það skipti öllu máli! Með orðfæri nútímans gæti svarið við þessu verið: „Mikið ógeðslega eru þessir karlar alltaf lítið gefnir!“ Allan 8. áratuginn var hlutfall kvenna á Alþingi 5% - aðeins 3 konur áttu þar sæti. Á landsfundi KRFÍ 1980 var m.a. rætt um það, hvort konur ættu að bjóða fram sér – og þá í hverjum flokki um sig sem hliðarframboð. Af því varð þó ekki, en konum fór í raun ekki að fjölga á þingi fyrr en þær tóku málin í sínar eigin hendur og stofnuðu Kvinnalistann. Þá fór að fara um gömlu flokkshestana og konum fjölgaði þar líka. En reynslan kennir okkur, að það má aldrei undan líta – konur eru enn aðeins um þriðjungur þingmanna (30,2% eftir síðustu kosningar en 36,5% þessa stundina). Mér er líka minnisstætt eitt sinn er ég fór á þingpalla – sennilega til þess að fylgjast með skattamálunum – og var með son minn með mér. Hann horfði dagóða stund yfir þingsalinn og sagði svo stundarhátt: „Hvar eru allar konurnar, mamma.“ Bragð er að þá barnið finnur! Í von um að sonardætur mínar þurfi ekki að gera svona athugasemdir í framtíðinni ætla ég að skella hér í barminn merkinu fína frá 1981 og enn er í fullu gildi: Kjósum konur!

En nú eru 10 mínúturnar mínar næstum liðnar. Kvenréttingafélagið hefur staðið vaktina í 100 ár með mikilli þrýði með baráttuandann að vopni. Ég vil að lokum óska þess að komandi kynslóðir hafi þrek, kjark og áræði til að halda baráttunni áfram og gefist aldrei

upp. Upphafserindi kvæðisins *Kvennaslagur*, sem KRFÍ fékk að gjöf frá Guðmundi Guðmundssyni, skólaskáldi árið 1911, er enn í fullu gildi:

Ísland konur, hefjist handa,
heimtið ykkar rétt!
Efst til fjalla, fremst til stranda,
fylkið ykkur saman þétt!
Fram, í trú að fullum sigri,
fegri, betri tíð.
Sigurstál í viljans vigri
vinna látið frelsis-stríð!

Til hamingju með afmælið.

Áfram stelpur!